

STEFNA ÍSLANDSSJÓÐA UM HÆFI STJÓRNAR, FRAMKVÆMDASTJÓRA OG STARFSMANNA SEM BERA ÁBYRGÐ Á LYKILSTARFSSVIÐUM

1. Inngangur

Íslandssjóðir bera ábyrgð á að tryggja að stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum uppfylli á hverjum tíma þær hæfiskröfur sem gerðar eru til þeirra lögum samkvæmt. Stefnu þessari er ætlað að endurspeglar viðeigandi kröfur laga og viðmiðunarreglna um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum. Stefnan er liður í skuldbindingu félagsins um góða stjórnarhætti og ætlað að takmarka rekstrar- og orðsporsáhættu félagsins.

2. Markmið og tilgangur

Markmið stefnu þessarar er að stjórn, framkvæmdastjóri og starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum uppfylli á hverjum tíma viðeigandi hæfisskilyrði og umgjörð um skipun og/eða ráðningar þeirra sé í samræmi við viðeigandi lagakröfur sem gerðar eru til starfsemi Íslandssjóða.

Tilgangur stefnu þessarar er að skilgreina hæfisskilyrði stjórnar, framkvæmdastjóra og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum félagsins, reglur við val á einstaklingum í framangreindar stöður og við gerð áætlunar um eftirmenn.

3. Gildissvið

Stefna þessi skal gilda um stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum.

4. Skilgreining á lykilstarfssviðum

Með lykilstarfssviðum er átt við starfssvið eignastýringar sjóða, áhættustýringar og önnur starfssvið sem hafa veruleg áhrif á stefnu og stjórnun Íslandssjóða. Eftirfarandi svið teljast lykilstarfssvið samkvæmt skipuriti Íslandssjóða:

- Akur fjárfestingar.
- Áhættustýring og innra eftirlit.
- Blandaðir sjóðir.
- Eignastýring.
- Hlutabréfasjóðir.
- Innri endurskoðun.
- Regluvarsla.
- Skuldabréfasjóðir.
- Önnur sérhæfð verkefni.
- 105 Miðborg.

Áhættustýring og innra eftirlit heldur skrá yfir forstöðumenn framangreindra lykilstarfssviða á hverjum tíma.

5. Lagarammi

Um starfsemi Íslandssjóða gilda m.a. lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020 sem vísa til 52. og 52. gr. a laga um fjármála fyrirtæki nr. 161/2002, sem fjalla um hæfisskilyrði stjórnar og

framkvæmdastjóra og önnur störf stjórnarmanna. Við mat á því hvort Íslandssjóðir uppfylli kröfur og skilyrði viðeigandi ákvæða hefur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (FME) m.a. hliðsjón af sameiginlegum viðmiðunarreglum evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) og evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna eftir því sem við á um rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Tekur stefna þessi mið af framangreindum lögum og viðmiðunarreglum.

6. Hæfi starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum og mat á hæfi

Starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum skulu, á hverjum tíma og með hliðsjón af starfsemi félagsins, hafa gott orðspor, starfa af heiðarleika, heilindum og fagmennsku. Jafnframt skulu þeir, á hverjum tíma, hafa yfir að ráða fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Starfsmennirnir skulu, hver um sig, á hverjum tíma uppfylla skilyrði stefnu þessarar um hæfi. Framkvæmdastjóri skal við ráðningu starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum, að undanskildum innri endurskoðanda og regluverði, leggja mat á hæfi þeirra.

Mat á hæfi skal vera framkvæmt, eða eftir atvikum endurtekið sérstaklega:

- 1) Við veitingu starfsleyfis og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum starfsleyfum;
- 2) þegar nýir starfsmenn taka við, þ.á m. vegna beinnar eða óbeinnar aukningar á virkum eignarhlut í félaginu;¹
- 3) sé starfsmaður fluttur til yfir á annað lykilstarfssvið;
- 4) þegar nauðsyn krefur vegna aðstæðna sem geta haft verulega áhrif á hæfi lykilstarfsmanns;
- 5) þegar rökstuddur grunur er um að félagið hafi verið notað til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka; tilraun gerð til þess; eða talin er aukin hætta á slíku.

7. Mat á hæfi innri endurskoðanda og regluvarðar

Íslandssjóðir útvista verkefnum innri endurskoðunar og regluvörslu til Íslandsbanka að uppfylltum skilyrðum laga um verðbréfasjóði og rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Lagt er mat á hæfi innri endurskoðanda regluvörslu innan bankans í samræmi við stefnu Íslandsbanka um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna. Í samræmi við útvistarstefnu Íslandssjóða skal áhættustýring Íslandssjóða framkvæma áhættumat á útvistuðum verkefnum og gefa óháð mat á þeirri áhættu sem felst í útvistun verkefna áður en samningur um útvistun er undirritaður fyrir hönd félagsins. Samkvæmt útvistarstefnunni skal lögræðingur Íslandssjóða jafnframt gefa óháð mat á því hvort útvistun sé í samræmi við viðeigandi lög, reglur og leiðbeinandi tilmæli sem um starfsemi félagsins gilda.

8. Hæfi stjórnar og/eða framkvæmdastjóra

Stjórnarmenn, hver um sig, og framkvæmdastjóri skulu, á hverjum tíma, uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki, eftir því sem við á, sbr. 11. gr. laga um verðbréfasjóði og 14. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu verja fullnægjandi tíma í störf sín.

Stjórnarmenn og framkvæmastjóri skulu þekkja og skilja innviði og uppbyggingu félagsins, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Í þessu felst m.a. að stjórnarmaður hafi skilning á starfsemi félagsins, þó svo að stjórnarmaður sé ekki einn og sér ábyrgur fyrir þeim tiltekna þætti.

¹ Bein eða óbein hlutdeild í félaginu sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun félagsins.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hafa skilning á stjórnarháttum félagsins og hlutverki sínu og skyldum. Jafnframt, eftir því sem við á, skulu þau hafa skilning á skipulagi félagsins á samstæðugrunni og hugsanlegum hagsmunaárekstrum sem af því kunna að stafa.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu einnig stuðla að innleiðingu á viðeigandi menningu, gildum og siða- og háttennisreglum innan félagsins.

Framkvæmdastjóri og stjórn, sem heild, skulu sameiginlega hafa skilning á starfsemi félagsins, þar á meðal helstu áhættuþáttum í starfsemi þess. Framkvæmdastjóri og stjórn, sem heild, skal sameiginlega vera hæf til þess að taka viðeigandi ákvarðanir m.t.t. rekstraráætlunar, áhættuþátta, stefnu og á þeim markaði sem félagið starfar. Stjórn skal, sem heild, vera til þess bær að leggja gagnrýnt mat á ákvarðanir framkvæmdastjóra.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hafa gott orðspor, starfa af heiðarleika og heilindum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera sjálfstæðir í hugsun til þess að geta metið, gagnrýnt og haft eftirlit með ákvarðanatöku.

Meirihluti stjórnarmanna skal vera óháður félaginu. Meiri hluti stjórnarmanna félagsins skal vera óháður móðurfélagi og vörsluaðila sjóða í rekstri félagsins. Stjórnarmaður félagsins má ekki vera stjórnarmaður eða lykilstarfsmaður móðurfélags félagsins eða stjórnarmaður eða starfsmaður vörsluaðila sjóða í rekstri félagsins. Stjórnarmaður vörsluaðila sjóða í rekstri félagsins má ekki vera stjórnarmaður eða starfsmaður félagsins.

9. Mat á hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu, hver um sig, á hverjum tíma uppfylla skilyrði stefnu þessarar um hæfi.

Stjórn skal árlega leggja mat á sameiginlegt hæfi stjórnar og einstakra stjórnarmanna í samræmi við starfsreglur stjórnar. Stjórn getur í því skyni notið utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar, eftir því sem hún metur nauðsynlegt hverju sinni. Mat á hæfi einstakra stjórnarmanna, og eftir atvikum stjórnar sem heild, skal vera framkvæmt, eða eftir atvikum endurtekið sérstaklega:

- 1) við veitingu starfsleyfis og eftir atvikum við breytingar á þegar veittum starfsleyfum;
- 2) þegar breytingar verða á samsetningu stjórnar, þ.á m. vegna beinnar eða óbeinnar aukningar á virkum eignarhlut í félaginu;
- 3) við endurkjör stjórnarmanna, hafi hæfisskilyrði til starfars breyst frá síðasta kjöri;
- 4) við það að stjórnarmaður hætti í stjórn;
- 5) þegar rökstuddur grunur er um að félagið hafi verið notað til peningþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka; tilraun gerð til þess; eða talin er aukin hætta á slíku.

Stjórn skal árlega leggja mat á hæfi framkvæmdastjóra. Mat á hæfi framkvæmdastjóra skal vera framkvæmt og liggja fyrir við ráðningu hans.

Mat á hæfi einstakra stjórnarmanna og framkvæmdastjóra skal jafnframt endurskoðað við eftirfarandi aðstæður:

- 1) þegar upp koma áhyggjur varðandi hæfi framkvæmdastjóra, stjórnar sem heild eða einstakra stjórnarmanna;
- 2) þegar orðspor framkvæmdastjóra, stjórnarmanns eða félagsins hefur beðið hnekki, þ. á m. í tilvikum þar sem stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hefur ekki fylgt stefnu bankans um ráðstafanir gegn hagsmunárekstrum;
- 3) í tengslum við endurskoðun stjórnar á innra stjórnskipulagi félagsins;

- við aðrar aðstæður sem geta haft veruleg áhrif á hæfi framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna; og
- þegar stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri tekur að sér nýtt starf eða önnur trúnaðarstörf sem geta haft áhrif á mat á því hvort hann hafi fullnægjandi tíma til að sinna starfi sínu.

Mat á hæfi stjórnar sem heild skal endurskoðað við eftirfarandi aðstæður:

- þegar verulegar breytingar verða á viðskiptalíkani, áhættupáttum, stefnu eða skipulagi félagsins á samstæðugrunni;
- í tengslum við endurskoðun stjórnar á innra stjórnarskipulagi félagsins;
- við aðrar aðstæður sem geta haft veruleg áhrif á hæfi framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna.

10. Ráðstafanir til úrbóta

Sé niðurstaða mats á hæfi stjórnarmanns, framkvæmdastjóra eða starfsmanns sem ber ábyrgð á lykilstarfssviði að viðkomandi sé ekki hæfur til að gegna stöðu sinni í samræmi við stefnu þessa skal viðkomandi ekki vera skipaður eða eftir atvikum ráðinn til starfans og annar hæfur aðili fenginn í stað viðkomandi.

Megi með einföldum hætti bæta úr minniháttar annmörkum varðandi þekkingu, hæfni og reynslu viðkomandi skal stjórn eða framkvæmdastjóri eftir atvikum gera kröfur um viðeigandi ráðstafanir þar að lútandi innan hæfilegs tíma svo viðkomandi geti talist hæfur skv. stefnu þessari.

Teljast stjórn ekki sameiginlega hæf í samræmi við stefnu þessa skal stjórn gera viðeigandi ráðstafanir til þess að bæta úr annmörkum þar á innan hæfilegs tíma. Viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni geta m.a. falið í sér breytingar á verkaskiptingu innan stjórnarinnar, breytingar á skipun stjórnar, ráðstafanir til að draga úr hagsmunaárekstrum, þjálfun og fræðslu fyrir stjórn eða einstaka meðlimi stjórnar.

11. Upplýsingagjöf

Upplýsa skal FME um skipan og breytingar varðandi þá einstaklinga sem gegna störfum sem fellur undir gildissvið stefnu þessarar. Skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrði 11. gr. laga um verðbréfasjóði og 14. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða eru uppfyllt.

Starfsmaður sem ber ábyrgð á lykilstarfssviði skal veita allar þær upplýsingar er varðað geta mat á hæfi samkvæmt stefnu þessari og upplýsa framkvæmdastjóra um allar þær breytingar sem kunna að verða á högum hans og varðað geta hæfi samkvæmt stefnu þessari.

12. Ráðning starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum

Framkvæmdastjóri hefur með höndum ráðningu og uppsögn starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum. Þó skal stjórn staðfesta ráðningu og uppsögn forstöðumanns áhættustýringar og uppsögn útivistunarsamninga um innri endurskoðun og regluvörslu, að tillögu framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri skal upplýsa áhættustýringu og innra eftirlit um breytingar á starfsmönnum sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum.

13. Tilnefning stjórnarmanna og ráðning framkvæmdastjóra

Hlutfé Íslandssjóða er í eigu Íslandsbanka. Íslandsbanki hefur sett sér almenna eigendastefnu um dótturfélög. Ekki er starfrækt tilnefningarnefnd hjá félaginu. Hluthafi félagsins tilnefnir stjórnarmenn í samræmi við samþykktir félagsins. Samkvæmt starfsreglum stjórnar metur stjórn óhæði tilvonandi stjórnarmanna fyrir aðalfund félagsins og gerir niðurstöðu sína aðgengilega hluthafanum.

Stjórn hefur með höndum ráðningu og uppsögn framkvæmdastjóra. Stjórn samþykkir, að tillögu framkvæmdastjóra, hver skuli vera staðgengill hans.

14. Fjölbreytileiki í stjórn, framkvæmdastjórn og meðal starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum

Samsetning stjórnar, framkvæmdastjórnar og starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum skal á hverjum tíma vera fjölbreytt m.t.t. menntunar, starfsreynslu, kyns og aldurs og skal ávallt taka mið af framangreindu við gerð áætlunar um eftirmenn.

Tryggt skal að kynjahlutföll í stjórn séu jöfn.

Stjórn skal árlega ræða um aðgerðir félagsins til að framfylgja stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum.

15. Fræðsla stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Félagið skal verja fullnægjandi fjármunum og mannafla til þess að kynna starfsemi félagsins fyrir stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra og tryggja að þeir hljóti viðeigandi þjálfun til starfans.

Nýkjörnir stjórnarmenn og nýráðinn framkvæmdastjóri skulu fá allar lykilupplýsingar um rekstur félagsins við upphaf starfs og skal fræðslu til þeirra lokið innan 6 mánaða frá ráðningu.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri, hver um sig, geta óskað eftir fræðslu í tengslum við starf sitt hjá félaginu eftir því sem þeir meta nauðsynlegt hverju sinni.

16. Nánari framkvæmd og verklag

Við framkvæmd mats samkvæmt stefnu þessari skal hafa hliðsjón af sameiginlegum viðmiðunarreglum EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, eftir því sem við á, ásamt öðrum viðeigandi lögum og reglum sem gilda um efnið á hverjum tíma.

Mat samkvæmt stefnu þessari og niðurstöður þess skulu vera skjalfest með viðeigandi hætti.

17. Innleiðing og eftirlit

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á innleiðingu stefnu þessarar.

Áhættustýring og innra eftirlit skal meta skilvirkni stefnunnar ásamt uppbyggingu og innleiðingu hennar.

Samþykkt af stjórn Íslandssjóða hf. 22. febrúar 2022.